



dark sky ecotourism

Fræðslupakki 4 – Dæmi frá Portúgal

Gisting í dreifbýli og vistvæn
myrkurgæðaferðaþjónusta

Dark Sky Ecotourism VET
Programme © 2023 by Dark Sky
Ecotourism Consortium is licensed
under [CC BY-SA 4.0](https://creativecommons.org/licenses/by-sa/4.0/)



Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Neither the European Union nor EACEA can be held responsible for them.

www.darkskytourism.eu



INNGANGUR

Hægt er að skapa mjög ánægjulegt, spennandi og fræðandi kvöld við stjörnuskoðun ef aðstæður eru réttar. Þetta er hægt að framkvæma á margvíslegan hátt og með mismikilli fjárfestingu og búnaði. Hægt er að bæta stjörnuskoðun við ýmsa aðra starfsemi.

Með því að nýta myrkrið og lágmarka ljósmengun geta gistirými í dreifbýli boðið gestum upp á fjölbreytta upplifun sem stuðlar að djúpri tengingu við náttúruna og alheiminn.



Gerðu áætlun

Þú getur laðað að þér nýjan markhóp með því að búa til aðstöðu og þróa starfsemi í kringum myrkurgæði, t.d. veitt eftirminnilega náttúru- og stjörnuupplifun í eða við aðstöðu þína.

Það krefst krefst verulegra fjárfestinga að útbúa gistirými „undir stjörnunum“ eða að setja upp litla stjörnuathugunarstöð, en margir aðrir kostir kalla eftir lítið meiru en þekkingu eða aðgang að henni og smá sköpunargáfu.

Stjörnuljósmyndasmiðjur, frásagnarstundir tengdar nóttinni, myrkurgöngur, kvöldverður við kertaljós eða einfaldlega að setja upp dýnur í bakgarðinum fyrir stjörnuskoðun eru dæmi um viðburði sem þú getur skipulagt undir myrkum himni, að því tilskildu að þú gerir nauðsynlegar varúðarráðstafanir hvað varðar lýsingu, sem er mikilvægur þáttur fyrir velgengni nýrrar ferðavöru tengda myrkurgæðum. Þannig muntu einnig stuðla að því að auka líffræðilegan fjölbreytileika á þínu svæði sem aftur eykur mögulegan fjölbreytileika í vistvænni myrkurgæðaferðaþjónustu á þínu svæði.

Við skoðum stuttlega tvö dæmi um verðavöru sem þú getur þróað á þínu svæði eða í nærumhverfi þínu.



Gott að huga að nokkrum forsendum þegar þú skilgreinir stefnu þína um náttúruvernd:

- Gakktu úr skugga um að myrkurgæði svæðisins séu nægileg.
- Leitaðu að tengslaneti og samstarfi sem mun styðja við nýsköpun þína, hvort sem er á sviði ferðapjónustu eða á þeim sérhæfðu tækisviðum sem þú þarft, til dæmis stjörnufræði.
- Framkvæmdu greiningu á öllum gildandi lögum og reglugerðum og útbúðu strangt áhættumat fyrir alla þá starfsemi sem þú ætlar að framkvæma (á nóttunni er áhættan almennt meiri og sum starfsemi er jafnvel bönnuð).

Nánari upplýsingar um þessi og önnur efni er að finna í handbókinni og öðrum fræðslupökkum.


Dragðu úr ljósmengun

Þar sem þetta er grundvallarþáttur skaltu gæta sérstaklega að lýsingu á þínu húsnæði.

Það er mikilvægt að draga úr ljósmengun á landi þínu til að varðveita myrkurgæði, vernda náttúrulegan líffræðilegan fjölbreytileika, spara orku og skapa friðsælla og notalegra umhverfi á nóttunni.


Þó að þú ættir að leita til sérfræðinga eru hér nokkur ráð um hvernig hægt þú getur lágmarkað ljósmengun, sérstaklega í útisvæðum þínum:

- Veldu stefnuvirka og skilvirka lýsingu, svo sem ljósabúnað sem beina ljósi niður á við þar sem þess er þörf. Notaðu LED perur með hlýrri litahita í stað hvítra eða bláa ljósa. Forðastu of bjarta lýsingu.



Dragðu úr ljósmengun

- Settu upp tímamæla og hreyfiskynjara þannig að ljós séu aðeins virk þegar þörf krefur. Slökktu á óþarfa ljósum.
- Forðastu björt auglýsingaskilti.
- Notaðu hlera eða gardínur á glugga til að draga úr ljósvarpi út á við.
- Gróðursettu tré og runna til að hindra uppþrengjandi birtu og skapa náttúruelga vörn.
- Auka vitund og fræða samstarfsfólk, nágranna og gesti um mikilvægi þess að draga úr ljósmengun og hvetja til góðra starfsvenja.
- Taka þátt í staðbundnum eða landsbundnum verkefnum eða frumkvæðum sem stuðla að góðum starfsháttum og beita sér fyrir stefnumótun til að draga úr ljósmengun.





Auka líffræðilegan fjölbreytileika

Með því að draga úr lýsingu er tekið skref í átt að aukinni líffræðilegri fjölbreytni á svæðinu þínu sem opnar dyr fyrir fleiri tækifærum tengdum vistvænni ferðapjónsutu.

Aðrar aðgerðir gætu verið:

- Gróðursettu tré, runna og blóm til að laða að næturdýr.
- Búðu til búsvæði eins og varpkassa og holur fyrir náttúrudýr.
- Látið náttúrusvæði vaxa án afskipta til að þjóna sem búsvæði.
- Íhugaðu að bæta við stöðuvatni eða tjörn.
- Plantaðu blómum sem blómstra á nóttunni til að laða að dýr sem frjóvga á nóttunni (e. nocturnal pollinators).

Auka líffræðilegan fjölbreytileika

- Bjóða næturdýrum upp á mat og ferskt vatn.
- Forðastu eitruð efni og framandi skrautplöntur.
- Ræktaðu hýsilplöntur fyrir næturmílirfur.
- Eins og með stjörnufræðina er tilvalið að skoða náttúrulegan líffræðilegan fjölbreytileika á þínu svæði til að skilja hvaða tegundir þú getur laðað að þér og hvernig þú getur stutt, unnið með vísindamönnum og tekið þátt í vöktun og verndarverkefnum villtra dýra.
- Reyndu að gera land þitt náttúrulegra og reyndu að virkja aðra í kringum þig í viðleitni til að bæta gæði staðbundinna vistkerfa.



Stjörnuskoðun

Stjörnuskoðun er fræðandi og hvetjandi athöfn sem fólk á öllum aldri getur notið. Hún stuðlar að skilningi á og tengingu við alheiminn, hvetur til forvitni og skilnings á stjörnufræði.

Með kaupum á búnaði, svo sem sjónauka, gerirðu þér kleift að skipuleggja stjörnuskoðun hjá þér, sem einnig er hægt að sameina við aðra starfsemi fyrirtækisins, til dæmis matarviðburði.

Undirbúningur...

Þú getur aðgreint gististaðinn þinn og laðað að gesti sem leita að einstökum upplifunum í snertingu við náttúruna og alheiminn með því að nýta þér aðgang þinn að miklum myrkurgæðum. Hér eru nokkur ráð fyrir þá sem vilja setja upp litla stjörnustöð:

- Byrjaðu á því að kynna þér ítarlega kröfur og reglur um stofnun stjörnustöðvar á þínu svæði.
- Veldu staðsetningu fyrir gististaðinn þinn sem býður upp á mikið myrkur og litla ljósmengun.
- Keyptu sjónauka og annan búnað sem hentar til stjörnuskoðunar. Hafðu í huga að hann sé notendavænn fyrir byrjendur. Þú getur smíðað eða aðlagð mannvirki, eins og hvelfingu eða athugunarpall, sem veðurpolinn og öruggan stað til að hýsa búnaðinn.



Undirbúningur...

Sankaðu að þér þekkingu eða fáðu sérhæfða stjörnufræðileiðsögumenn til að leiða stjernuskoðun og miðla upplýsingum um næturhiminninn. Leitaðu að samstarfi við staðbundnar stjernustöðvar og sérfræðinga.


Búðu til eða taktu þátt í prógrömmum sem fela í sér athuganir á næturhimninum, stjörnufræðifyrirlestra og hagnýtar vinnustofur.

Vertu meðvituð um mikilvæga stjarnfræðilega viðburða, eins og loftsteinaskúra, myrkva og staðsetningu pláneta og útbúðu viðburði í kringum þá.

Búðu þig til fræðsluefni, svo sem bæklinga, kynningar og efni á netinu, til að fræða gesti um það sem þeir eru að sjá. Íhugaðu að búa til lítið safnrými um þemað, þar sem þú myndir hefja viðburðin.

Stuðlaðu að umhverfisvernd og dragðu úr ljósmengun.





Undirbúningur viðburðar

Þú þarft:

1. Dagsetningu: Veldu kvöld með heiðskírum himni þar sem ekki er fullt tungl, þar sem tunglsljós getur hulið stjörnurnar. Nýttu þér öll tækifæri til að sýna einstök stjarnfræðileg fyrirbæri.
2. Búnað: Útvegaðu sjónauka, útilegumottur eða stóla, himinkort eða stjörnufræðiforrit og blys með rauðu ljósi til að varðveita nætursýn. Vertu með ljósbendil við höndina.
3. Fræðslu og upplýsingar: Undirbúðu upplýsingar um stjörnumerki, stjörnur og önnur himintungl sem hægt er að fylgjast með á viðburðinum.
4. Öryggi og þægindi: Gakktu úr skugga um að þátttakendur séu klæddir á viðeigandi hátt fyrir aðstæður (hlý föt). Útvegaðu sæti eða teppi til þæginda.

Fyrir frekari upplýsingar um búnaðinn, skoðaðu verkfæri og efni.



Skref fyrir skref: hvað á að gera

1. Byrjaðu í rökkri, þegar stjörnurnar eru að byrja að birtast. Þú getur byrjað viðburðinn innandyra með því að sýna nokkur myndbönd eða ljósmyndir sem ramma inn þemað.
2. Utandyra skaltu nota blys/ vasaljós með rauðu ljósi til að forðast að skemma nætursjónina.
3. Þekktu stjörnumerkin og bentu á áhugaverða hluti, svo sem reikistjörnur, stjörnur, stjörnuþokur og vetrarbrautir, með því að nota ljósbendil.
4. Beindu sjónaukum eða sjónauka að tilteknum hlutum, sem gerir þátttakendum kleift að skoða nánar.
5. Útskýrðu stjarnfræðileg fyrirbæri, eins og stjörnuhrap og settu fjarlægðir og stærðir stjarna í samhengi. Hvettu þátttakendur til að spyrja spurninga og deila reynslu sinni og sögum.

Nánari upplýsingar

- Vídeó tenglar
- Stjörnufræði vefsíður
- Tenglar á samfélagsmiðla
- Verkfæri og efni sem hægt er að nálgast á vefsíðu verkefnisins <https://darkskytourism.eu>
- Taktu virkan þátt í að tala fyrir og auka vitund á mikilvægi þess að dregið sé úr ljósmengun.

Skoða og bera kennsl á skordýr

Þetta er einfaldur kvöldviðburður sem eingöngu kallar eftir grunnbúnaði.

Með því má sýna gestum líf staðbundinna skordýra og gera þá meðvitaða um gríðarlegt mikilvægi þess að vernda frævunardýr.

Slíkur viðburður getur staðið undir kostnaði við að útbúa frævunarvænan „tunglgarð“ (með plöntutegundum sem eru aðlaðandi fyrir mölflugur).



Undirbúningur viðburðarins

Ekki er þörf á sérfræðipekkingu til að framkvæma einfaldan slíkan viðburð þó að gagnlegt geti verið að þiggja aðstoð lífeindafræðinga eða skordýrafræðinga.

Viðburðurinn gerir þér kleift að laða skordýr að athugunarstað og er einföld leið til að virkja yngri gesti í athöfnum til að þekkja og njóta líffræðilegs fjölbreytileika.

Þú þarft:

- Góð veðurskilyrði, helst með mildu loftslagi og staðsetningu með gróðri og búsvæði sem hentar skordýrum.
- Milda lýsingu (rauð ljós svo að þau hafi ekki áhrif á skordýrin).
- Stórt, venjulegt hvítt lak (eða stórt blað), ílát til að safna skordýrum í og skordýranet.
- Skordýraauðkenningarleiðbeiningar og, ef mögulegt er, stækkunargler fyrir nákvæma athugun



Skref fyrir skref: hvað á að gera

1. Festið lakið/blaðið þannig að það sé galopið á milli tveggja trjáa. Það gæti líka verið á jörðinni. Þú getur séð dæmi á myndunum hér á undan.
2. Byrjaðu í rökkri, þegar náttúruleg skordýr byrja að verða virk.
3. Notaðu vasaljós með rauðu ljósi til að forðast að trufla skordýrin.
4. Notaðu skordýranet til að safna sýnum tímabundið og sleppa þeim síðan.
5. Skoðaðu skordýrin sem safnað er með því að nota auðkenningarleiðbeiningar og stækkunargler.
6. Þekkja og ræða skordýrin sem fylgst hefur verið með og draga fram einkenni þeirra og hegðun.
7. Hvetjið þátttakendur til að taka myndir eða skrifa athugasemdir um skordýrin sem fylgst er með. Þetta getur verið gagnlegt fyrir frekari fræðslu.
8. Minnið þátttakendur á mikilvægi þess að skaða ekki skordýr eða búsvæði þeirra. Skilaðu öllum söfnum skordýrum í umhverfi sitt að athugun lokinni.



Hvað gerist ef engin skordýr lenda á lakinu?


Ekki örvænta ef hlutirnir ganga ekki upp eina nóttina. Þú getur samt auðveldlega frætt og skemmt gestum þínum um staðbundið vistfræði jafnvel þótt aðstæður séu þér ekki í hag. Hér eru nokkrar hugmyndir um hvað þú gætir gert:

- Þú gætir spilað skordýramyndbönd eða hljóð í símanum þínum og beðið yngri gesti að líkja eftir athöfnum eða hljóðum skordýra.
- Lærðu grunnvistfræði svæðisins svo þú getir útskýrt fyrir gestum þínum hvaða skordýr eru á svæðinu (t.d. tegundir fiðrilda, mölflugug, köngulær, osfrv.)
- Þú gætir keypt skordýrasýni og haft þau með þér til að sýna gestum (t.d. í glerhlíf).
- Þú gætir keypt leik/veggkort sem sýnir mismunandi skordýrategundir og haft það með þér til öryggis.

Viðbótarúræði

- Myndbandstenglar
- Skordýravistfræðivefsíður
- Önnur tækni sem þú gætir keypt (t.d. hljóðtíðnitæki)
- Tenglar á samfélagsmiðlum

- Taktu þátt í skordýraeftirliti og verndarverkefnum á þínu svæði.





dark sky
ecotourism

Fylgstu með ferðalagi okkar hérna

www.darkskytourism.eu



Dark Sky Ecotourism VET
Programme © 2023 by Dark Sky
Ecotourism Consortium is licensed
under [CC BY-SA 4.0](https://creativecommons.org/licenses/by-sa/4.0/)



Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Neither the European Union nor EACEA can be held responsible for them.

